

**Viðauki við grunnlýsingu dags. 31. júlí 2020**

**vegna 80.000.000.0000 kr. útgáfuramma**

Viðauki þessi er birtur á grundvelli laga nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Grunnlýsing dags. 31. júlí 2020 útgefin af Orkuveitu Reykjavíkur, kt. 551298-3029 (hér eftir nefnd grunnlýsingin og OR), skal höfð til hliðsjónar við lestur viðauka þessa og gilda skilgreiningar í grunnlýsingunni jafnframt um viðauka þennan. Við birtingu viðaukans myndar hann órjúfanlegan hluta grunnlýsingarinnar.

Með viðauka þessum eru eftirfarandi breytingar gerðar á formi endanlegra skilmála. Textinn í lið 6 í hluta II á bls. 24 er felldur út og eftirfarandi texta bætt inn í stað hans.

Orkuveita Reykjavíkur getur, með heimild frá stjórn útgefanda, gefið út skuldabréf og víxla samtals að útistandandi fjárhæð allt að 80 ma.kr. á hverjum tíma, í samræmi við ákvæði þess útgáfuramma sem lýst er í grunnlýsingu þessari, að því gefnu að fyrir liggi gild eða uppfærð grunnlýsing. [ *[Verðbréfin sem þessir endanlegu skilmálar taka til voru gefin út skv. heimild stjórnar þann [dagsetning heimildar] [og felld undir útgáfurammann við stofnun hans]. ] / [Núgildandi útgáfuáætlun nemur allt að [fjárhæð og tímabil áætlunar].]* ]


*[Verðbréfin hafa öll verið seld og [eru að fullu greidd.] / [er gjalddagi á greiðslu fyrir þau þann [dagsetning.]] / [[Öll verðbréfin sem gefin eru út, [fjárhæð sem við á], eru gefin út til eigin nota í tengslum við samningsskuldbindingar við viðskiptavaka skuldabréfaflokksins og eru óseld.] / [[fjárhæð þeirra hluta sem við á] af þeim verðbréfum sem gefin hafa verið út eru gefin út til eigin nota í tengslum við samningsskuldbindingar við viðskiptavaka skuldabréfaflokksins og eru óseld.]*

**Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda**

Forstjóri OR lýsir því yfir fyrir hönd OR, sem útgefanda, að samkvæmt hans bestu vitund séu upplýsingarnar, sem viðaukinn hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans.

Reykjavík, 10. september 2020

Fyrir hönd Orkuveitu Reykjavíkur



Bjarni Bjarnason

forstjóri